

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Hveragerðis. B-hluti.

#### 1. gr.

##### *Almennt.*

Gjaldskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Hitaveitu Hveragerðis (HH). Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu hitaorku, sbr. reglugerð fyrir HH nr. 320/2000 ásamt þeim breytingum, sem síðar kunna að hafa verið gerðar á henni.

#### **Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:**

**A-hluta** sem fjallar um almenna afhendingu hitaorku á veitusvæði HH. Í þessum hluta er einnig skilgreining á heimæðagjöldum, mælaleigu og innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.

**B-hluta** sem sýnir gildandi verð fyrir hitaorku og önnur gjöld á hverjum tíma.

#### 2. gr.

##### *Verðskrá.*

#### **2.1 Verð fyrir hitaorku.**

##### A.1 Almenn notkun, dreifikerfi I:

Orkugjald	51,00 kr./m <sup>3</sup>
Fast gjald	5.887,00 kr./ár

##### A.2 Almenn notkun, dreifikerfi II og III:

Orkugjald	248,00 kr./m <sup>2</sup>
Fast gjald	5.887,00 kr./ár

##### A.3 Garðyrkjunotkun, dreifikerfi II:

Orkugjald	248,00 kr./m <sup>2</sup>
Fast gjald	14.725,00 kr./ár

##### A.4 Iðnaðarnotkun, dreifikerfi II:

Orkugjald	248,00 kr./m <sup>2</sup>
Orkugjald iðnaðargufu	0,91 kr./kWh
Fast gjald	5.887,00 kr./ár

Flatarmál húsa er reiknað skv. reiknireglum FMR.

#### **2.2 Heimæðagjald.**

##### B.1 Hús minni en 2.000 m<sup>3</sup>:

Fast gjald	94.500,00 kr.
Rúmmetrar umfram 600 m <sup>3</sup>	60,00 kr./m <sup>3</sup>

##### B.2 Hús stærra en 2.000 m<sup>3</sup>:

Fast gjald	183.000,00 kr.
Rúmmetrar umfram 2.000 m <sup>3</sup>	40,00 kr./m <sup>3</sup>
Rúmmetrar umfram 600 m <sup>3</sup> reiknast ekki á einbýlis-, rað- og parhús.	

#### **2.3 Innheimtugjald.**

C.1 Innheimtugjald hitaveitu	450,00 kr.
------------------------------	------------

#### **2.4 Lokunargjald.**

D.1 Lokunargjald hitaveitu	1.500,00 kr.
----------------------------	--------------

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggst virðisaukaskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

## 3. gr.

*Samþykki og staðfesting.*

Gjaldskrá þessi, B-hluti staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli, jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis B-hluti, nr. 417, 16. júní 1999, með áorðnum breytingum.

*Iðnaðarráðuneytinu, 3. maí 2000.*

F. h. r.

**Guðjón Axel Guðjónsson.**

---

*Katrín Jóhannsdóttir.*

Nr. 331

15. maí 2000

**REGLUGERÐ****um vörugjald af ökutækjum.****I. KAFLI.****Almenn ákvæði.**

## 1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af ökutækjum, sem skráningarskyld eru samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/1987, ökutækjahlutum og öðrum vörum, eftir því sem kveðið er á um í reglugerð þessari, sbr. 87. kafla viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

## 2. gr.

Gjaldskylda skv. 1. gr. nær til allra vara, sbr. II. kafla, nýrra sem notaðra, sem fluttar eru til landsins, framleiddar eru eða unnið er að hér á landi. Vörur sem seldar eru úr landi eru þó ekki gjaldskyldar.

Gjaldskylda vegna aðvinnslu að ökutækjum, sem leiðir til hækkunar á gjaldflokki, sbr. 3. og 4. gr., varir í fimm ár frá nýskráningardegi.

Við flokkun vara til gjaldskyldu skal fylgt flokkunarreglum tollalaga. Ákvæði laganna gilda jafnframt um úrskurðarvald í ágreiningsmálum um tollflokkun vara.

**II. KAFLI.****Gjaldskyld ökutæki og aðrar vörur, gjaldflokkar.**

## 3. gr.

Á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í 4. gr., skal lagt vörugjald í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentimetrum:

Gjaldflokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0-2.000	30
II	Yfir 2.000	45

## 4. gr.

Vörugjald af eftirtöldum ökutækjum og öðrum gjaldskyldum vörum skal vera sem hér segir: